

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 13.febrúar 2012 kl. 17.00

Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Ármann Ketilsson, Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.



### 1. Þing ÍBA.

Dagsetningin var ákveðin 25. Apríl nk. Send hafa verið bréf til félaganna með beiðni um að skila inn skýrslum fyrir 2010 og 2011 og er skilafrestur til 1.mars. Rædd var prentun ársskýrslunnar. Uppstillingarnefnd var valin til að leggja til fulltrúa í stjórn og varastjórn ÍBA, formenn UMFA Gunnar Gíslason, KKA Þorsteinn Hjaltason og BA Kristján Þ. Kristinsson.

Spurningu var varpað fram hvort ástæða væri til að skoða reglugerð um val á Íþróttamanni Akureyrar en það hafa komið fram athugasemdir vegna þess. Einnig var rætt hvort ástæða væri til að fara yfir lög bandalagsins en laganefnd hefur ekki verið starfrækt um hríð. Ákveðið var að hafa vinnufund stjórnar um málið en skila þarf inn tillögum um lagabreytingar fyrir 25.mars.

Rætt var að nauðsynlegt væri að skerpa á viðurlögum vegna félaga sem halda ekki aðalfund.

### 2. Önnur mál

Umræða fór fram um grein í vikublaðinu Akureyri um hvort Íþróttir væru fyrir alla? Ákveðið var að svara og tók Haukur að sér að skrifa andsvar.

Þröstur sagði frá fundum sem hann hafði sótt. Fyrst fundi ÍRA og Nökkva, þar sem lagðar voru fram áætlanir um uppbyggingu á svæði Nökkva sem eru ekki á aðalskipulagi. Fram kom að málið er komið í farveg. Síðan fundi með bæjarstjóra, fjármálastjóra Akureyrarbæjar og formanni ÍRA um styrki til félaga vegna starfsmanna. Einnig var rætt bréf ÍRA til félaganna um að ekki hafi verið haldnir rekstrarstjórnarfundir en borið hefur á óánægju hjá félögunum með bréfið.

Skipað hefur verið í nýja stjórn VMÍ og var Margrét Ólafsdóttir tilnefnd sem aðalfulltrúi ÍBA og Þröstur Guðjónsson varafulltrúi.

Athugasemd barst vegna tíma í þróttamannvirkjum, sem var byggð á misskilningi sem hefur verið skýrður, málið verður tekið upp í nefndinni í vor.

Áslaug var með fyrirspurn um hvort Akureyrarbær væri að borga fyrir tíma fatlaðra í reiðhöllinni en það var ekki vitað.

Farið var yfir málefni Íþróttahallar og fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu sem Skotfélag og Golfklúbbur eru að nota. Málið er hjá fasteignum Akureyrar og strandar á kostnaði. Þröstur fór lauslega yfir söguna á flakki þessara greina milli húsnæða í gegn um árin.

Þóra sagði frá bréfum og erindum sem hafa borist. Fundi sem fyrirhugaður væri um þátttöku í ritun sögu ÍSÍ. Fyrirhugaðar lagabreytingar um fulltrúa sambanda. Frá rekstrarsamningi milli Akureyrarbæjar og Skíðafélags Akureyrar með viðaukasamningi.

Kynnt var og rædd úttekt Karls Guðmundssonar á fjárhag aðildarfélaganna og athugasemd vegna upplýsinga um neikvæða niðurstöðu rekstrar sumra þeirra og að áætlun og niðurstaða standast ekki. Hann leggur til að skipuð verði sérstök eftirlitnefnd hjá ÍBA til að fylgjast með þeim félögum sem illa er ástatt fyrir. Stjórn var sammála um að það væri ekki hlutverk ÍBA að hlutast til um rekstur félaganna en ákveðið var að senda ábendingar til félaganna að beiðni ÍRA.

Rædd voru mál Hamra og Draupnis og hvaða ráðstafana þyrfti að grípa til.

Rædd voru mál Badmintonfélags og nýtingar á tímum sem fengu til viðbótar.

Ítrekað var að fulltrúi frá ÍBA mæti á aðalfundi aðildafélaganna.

Haukur sagði frá mannvirkjaþingi Frjálsíþróttasambandsins sem hann hafði setið. Eitt af aðalmálum sem rædd voru var að æskilegt væri að sambönd/ félög væru meira opin fyrir að samnýta betur mannvirkin. Áhersla ætti að vera á samfélagslega samnýtingu og meiri samvinnu og sveigjanleika.

Fundi var slitið kl. 18.40

Margrét Ólafsdóttir